

talið, að gerðarþoli hafi réttlætt greiðslufall sitt með þessari röksemd.

Þó litið væri svo á, að aðgerðin, er gerðarþoli lét framkvæma á rafmagnskerfi hússins, ætti að metast sem greiðsla af hans hendi upp í kaupverð, verður að telja, að vanskil hans réttlæti útburð á honum að kröfu gerðarbeiðanda. Fer útburðargerðin fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Ekki þykir verða hjá því komist að leggja málskostnað á gerðarþola. Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 80.000.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeta kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Útburðargerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiða gerðarbeiðanda kr. 80.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. nóvember 1981.

Nr. 217/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Þóri Þórissoni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Tilraun. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar og einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds, en að öðru leyti krafist staðfestingar héraðsdóms. Með símskeyti til skipaðs verjanda síns 23. þ. m. afturkallaði ákærði áfrýjunarbeiðni sína.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þ. á m. nýtt

sakavottorð ákærða. Ber það með sér, að hinn 12. febrúar 1981 var ákærði í sakadómi Reykjavíkur dæmdur í 7 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og hinn 4. nóvember s. á. dæmdur í 10 mánaða fangelsi fyrir ölvunarakstur og þjófnað, en brot þessi voru framin eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms.

Ákærði hefur viðurkennt brot þau, sem hann í héraðsdómi er dæmdur fyrir að hafa framið. Eru þau heimfærð til rétttra hegningarlagagreina og gætt viðeigandi ákvæða um refsí-ákvörðun ákærða, sbr. og 255. gr., sbr. 71. gr. og 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakararinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þórir Þórisson, sæti fangelsi 10 mánuði.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talinn saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingi-mundarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. apríl 1980.

Ár 1980, föstudaginn 11. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinsyni sakadómsmála, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 275/1980: Ákærvaldið gegn Þóri Þórisssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. nóvember 1978, gegn ákærða, „Þóri Þórisssyni, Langholtsvegi 169 í Reykjavík, fæddum 28. apríl 1955 þar í borg, fyrir eftirtalin

þjófnaðarbrot, framin í Reykjavík árið 1977, nema annars sé getið:

1) Helgina 25.—27. mars fór ákærði í þjófnaðarskyni inn í húsið nr. 19 við Sóleyjargötu.

2) Í þessum mánuði fór ákærði inn í húsið nr. 15 við Ásenda og stal þar 10.000.- frönskum frönskum.

3) Fimmtudaginn 14. apríl fór ákærði inn í húsið nr. 15 við Hlíðarveg í Kópavogi og stal þar 30.000.- krónum og þýskum mörkum og belgískum frönkum að jafnvirði 60.000 króna auk tveggja gullhálsmena.

4) Mánudaginn 9. maí fór ákærði inn í húsið nr. 2 við Hrefnugötu, braut þar upp skatthol og stal 100.- þýskum mörkum, 44.-dollurum, 15.- hollenskum gyllinum og 177.- norskum krónum.

5) Á tímabilin frá 13. til 17. maí fór ákærði inn í húsið nr. 57 við Skólabraut á Seltjarnarnesi og stal þar 10.000 krónum úr skúffu.

6) Mánudaginn 16. eða þriðjudaginn 17. maí fór ákærði inn í kjallaraíbúð í húsinu nr. 21 við Tómasarhaga og stal þar tösku og allt að 15 áfengisflöskum auk peningafúlgu í gjaldeyri og íslenskum krónum.

7) Í þessum mánuði fór ákærði inn í húsið nr. 6 við Kambsveg og stal þar peningakassa með giftingarhringum, 4 minnispeningum, gamalli mynt, frímerkjum og skjölum auk 7.000 króna, sem ákærði tók úr skrifborðsskúffu.

8) Fimmtudaginn 16. júní fór ákærði inn í húsið nr. 94 við Langholtsveg, braut þar upp skrifborðsskúffu og stal 2 viskíflöskum og smáfúlgu í erlendri mynt.

9) Mánudaginn 20. júní fór ákærði inn í kjallara hússins nr. 10 við Sólheima, braut þar upp geymsluhurð og leitaði að verðmætum.

10) Á tímabilinu 23. til 25. júní fór ákærði inn í húsið nr. 10 við Grenilund í Garðakaupstað og stal þar peningakassa, sem í voru 10.000 krónur, 250.- dollarar, 3.000.- danskar krónur, 820.-sænskar, nokkrir gamlir peningaseðlar, sparisjóðsbók með 20.000 króna innistæðu.

11) Mánudaginn 27. júní fór ákærði inn í húsið nr. 120 við Langholtsveg og leitaði að verðmætum.

12) Í þessum mánuði fór ákærði inn í húsið nr. 92 við Langholtsveg og stal allt að 70.000 krónum.

13) Í þessum sama mánuði fór ákærði inn í húsið nr. 20 a við

Laugaveg, braut þar upp skúffu og stal 150.000 krónum og 90 dollurum.

14) Ákærði fór enn í þessum sama mánuði inn í húsið nr. 60 við Karfavog og stal þar 120.000 krónum.

15) Föstudaginn 17. febrúar 1978 braust ákærði inn í húsið nr. 4 við Austurbrún og stal þar 235.000 krónum.

Þykir atferli ákærða, eins og því er lýst hér að framan, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að undanteknum tölulíðum 1, 9 og 11, þar sem ákærði þykir hafa brotið gegn 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og sakakostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1971 í Reykjavík: Uppvís að brotum á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 7. apríl 1971.
- 1971 10/12 í Reykjavík: Dómur: 15 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga og 27. gr. umferðarlaga.
- 1972 9/5 á Akureyri: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. og 50. gr. umferðarlaga.
- 1972 19/12 í Reykjavík: Dómur: 20 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. og 259. gr. hegningarlaga og umferðarlögum. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 18 mánuði frá 19/12 1972.
- 1973 11/5 í Reykjavík: Dómur: 10 daga fangelsi fyrir brot á 26., 49. og 80. gr. umferðarlaga.
- 1974 10/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1975 7/2 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1975 30/9 í Reykjavík: Dómur: 2 ára fangelsi fyrir brot á 224. og 155. gr. hegningarlaga.
- 1976 1/4 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli dags. 30/9 1975: Ákvæði hins áfrýjaða dóms eiga að vera órösk-uð.
- 1974 22/7 Brönderbyernes Retkreds: 14 daga varðhald fyrir brot gegn 287. gr., 1. mgr., sbr. 276. gr. (þjófn.) dönsku laganna.

Málsatvik eru þessi:

I.

Ákærði kvaðst hafa farið inn í kjallara hússins Sóleyjargötu 19 hér í borg helginga 25.—27. mars 1977. Ekki hefði þó sú för verið í þjófnaðarskyni gerð, heldur til að hitta húsráðendur, sem voru góðkunningjar hans. Húsráðendur staðfestu, að ákærði væri kunningi þeirra.

Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, verður ekki talið nægilega sannað, að ákærði hafi farið inn í nefnt hús í þjófnaðarskyni, og verður hann því sýknaður af ákærulið þessum.

II.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í marsmánuði árið 1977 tekið heimildarlaust og í auðgunarskyni 10.000 franska franka í húsinu Ásenda 15 hér í borg.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 14. apríl 1977 farið inn í húsið Hlíðarveg 14 (ekki 15, svo sem misritast hefur í ákæru), Kópavogi, og tekið þar heimildarlaust og í auðgunarskyni 30.000 krónur sem og þýsk mörk og belgíska franka að jafnvirði 60.000 íslenskra króna. Hins vegar neitaði hann töku tveggja gullhálsmena, og verður ekki talið sannað, að hann hafi slegið eign sinni á þau.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 9. maí 1977 tekið heimildarlaust og í auðgunarskyni í húsinu Hrefnugötu 2 í Reykjavík nokkra fjárhæð í erlendum gjaldeyri, svo sem rétti-lega er lýst í ákæru.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem

varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi um miðjan maímánuð árið 1977 tekið að ófrjálsum 10.000 krónur úr húsinu Skólabraut 57, Seltjarnarnesi.

Birna Óskarsdóttir, til heimilis á sama stað, hefur krafist endurgreiðslu á fjárhæðinni. Ákærði samþykkti kröfuna, sem tekin verður til greina.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VI.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi um miðjan maímánuð 1977 tekið að ófrjálsum fjármuni úr húsinu Tómasarhaga 21 hér í borg, svo sem nánar er lýst í ákæru.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VII.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í máímánuði árið 1977 farið inn í húsið Kambsveg 6 hér í borg og tekið þar að ófrjálsum ýmsa fjármuni, svo sem réttilega er lýst í ákæru.

Bergsveinn Bergsveinsson, Kambsvegi 6, Reykjavík, hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð krónur 100.000. Ákærði samþykkti kröfuna, og verður hann dæmdur til greiðslu hennar.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VIII.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 16. júní 1977 tekið að ófrjálsum tvær áfengisflöskur og smáfúlgum í erlendri mynt í húsinu Langholtsvegi 94 hér í borg.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IX.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 20. júní 1977 farið í þjófnaðarskyni inn í kjallara hússins Sólheima 10 hér í borg.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

X.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi síðari hluta júní-mánaðar árið 1977 tekið að ófrjálsu ýmsa fjármuni í húsinu Grenilundi 10, Garðakaupstað, svo sem nánar er lýst hér að framan. Ákveðin skaðabótakrafa kom ekki fram í þessum þætti málsins.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XI.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 27. júní 1977 farið í þjófnaðarskyni inn í húsið Langholtsveg 120 hér í borg.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XII.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í júnímánuði árið 1977 tekið að ófrjáslu 40—50 þúsund krónur í húsinu Langholtsvegi 92 hér í borg. Eigandi peninganna, Hannes Jónsson, til heimilis á sama stað, taldi, að um 70 þúsund krónur hefði verið að ræða, og gerði hann kröfu til að fá þá fjárhæð endurgreidda. Ákærði samþykkti að greiða kr. 50.000 og verður dæmdur til þeirrar fjárgreiðslu, enda ekki sannað gegn neitun hans, að hann hafi tekið hærri fjárhæð.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XIII.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í júnímánuði árið 1977 tekið að ófrjálsum 90 dollara og 100.000 (fjárhæðin hefur misritast í ákæru) krónur úr húsinu Laugavegi 20 A hér í borg.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XIV.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í júnímánuði 1977 tekið að ófrjálsum 120.000 krónur úr húsinu Karfavogi 60 hér í borg. Ákærði endurgreiddi fjárhæðina.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XV.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 17. febrúar 1978 heimildarlaust og í auðgunarskyni slegið eign sinni á krónur 235.000 í húsinu Austurbrún 4 hér í borg. Af fjárhæð þessari endurgreiddi ákærði kr. 148.500.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður annars vegar höfð hliðsjón af því, að um ítrekuð brot er að ræða, hann hefur farið inn í einkahíbýli og ekki að fullu bætt tjón, sem af brotum hans leiddi. Hins vegar ber til þess að líta, að nokkuð er liðið, frá því brot voru framin, og ákærði hefur á þeim tíma flust út á land, stofnað til fjölskyldutengsla og á fyrir konu og tveim börnum að sjá. Samkvæmt umsögn Boga Níelssonar, bæjarfógeta á Eskifirði, hefur ákærði verði samviskusamur og ástundunarsamur starfs-

maður og engin kæra á hendur honum borist. Með vísan til fram-
anritaðs og 77. gr. hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega
ákveðin fangelsi 5 mánuðir, en frá henni ber samkvæmt 76. gr.
sömu laga að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. júní til 19.
ágúst 1977 með fullri dagatölu.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með
talin réttargæslu- og málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar
hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 180.000.

Dómsorð:

Ákærði, Þórir Þórisson, sæti fangelsi 5 mánuði, en frá
þeirri refsingu skal draga gæsluvarðhald hans frá 30. júní
til 19. ágúst 1977 með fullri dagatölu.

Ákærði greiði Birnu Óskarsdóttur, Skólabraut 57, Seltjarn-
arnesi, kr. 10.000, Bergsveini Bergsveinssyni, Kambsvegi 6,
Reykjavík, kr. 100.000 og Hannesi Jónssyni, Langholtsvegi
92, Reykjavík, kr. 50.000.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin réttar-
gæslu- og málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hæsta-
réttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 180.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. nóvember 1981.

Nr. 242/1981. **Ákærvaldið**
gegn
Erni Sigfússyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Svein-
björnsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili skaut hinum kærða úrskurði upphaflega til
Hæstaréttar með kæru 10. nóvember 1981. Hæstiréttur vísaði
því máli frá dómi hinn 16. s. m. Varnaraðili hefur á ný skotið